**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1727** **2025/EES/10/15**

**frá 20. júní 2024**

**um að taka tiltekin fóðuraukefni af markaði** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 5. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Einkum er í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um reglur um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Með 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er lögð sú skylda á framkvæmdastjórnina að hún samþykki reglugerð þar sem þess er krafist að fóðuraukefni verði tekin af markaði sem engar umsóknir, eins og krafist er skv. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, voru lagðar fram fyrir innan frestsins sem kveðið er á um í þessum ákvæðum. Að sama skapi ætti að samþykkja reglugerð varðandi fóðuraukefni þar sem umsókn var lögð fram en síðan dregin til baka.

3) Því ætti að taka fóðuraukefnin sem skráð eru í viðaukanum af markaði.

4) Ef um er að ræða fóðuraukefni sem umsóknir hafa eingöngu verið lagðar fram fyrir að því er varðar tilteknar dýrategundir eða -flokka, eða ef umsóknir hafa eingöngu verið dregnar til baka að því er varðar tilteknar dýrategundir eða -flokka, ætti takan af markaði einungis að varða dýrategundir og -flokka sem engin umsókn hefur verið lögð fram fyrir eða sem umsóknin hefur verið dregin til baka fyrir.

5) Rétt þykir að gera ráð fyrir umbreytingartímabili þar sem nota má fyrirliggjandi birgðir af aukefnum sem um er að ræða, forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum sem hafa verið framleidd með þessum aukefnum þar til þær eru uppurnar að því er varðar þær dýrategundir og -flokka þar sem taka af markaði er krafist, til að gera hagsmunaaðilum kleift að laga sig að skyldunni að taka þessar vörur af markaði.

6) Taka vara sem eru skráðar í viðaukann af markaði kemur ekki í veg fyrir að þær verði leyfðar eða falli undir ráðstöfun varðandi stöðu þeirra í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1727, 21.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 255/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/2021-03-27.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/2003-03-31).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Taka af markaði**

Fóðuraukefnin sem eru tilgreind í viðaukanum, eins og þau eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, skulu tekin af markaði að því er varðar þær dýrategundir og -flokka sem um getur í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Umbreytingarráðstafanir**

1. Fyrirliggjandi birgðir af fóðuraukefnunum sem um getur í 1. gr. má áfram setja á markað og nota fram til 11. júlí 2025.

2. Forblöndur, sem eru framleiddar með fóðuraukefnunum sem um getur í 1. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 11. október 2025.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni, sem eru framleidd með fóðuraukefnunum sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 11. júlí 2026.

*3. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

______

*VIÐAUKI*

**Fóðuraukefni sem skal taka af markaði eins og um getur í 1. gr.**

1. HLUTI

**Fóðuraukefni sem skal taka af markaði að því er varðar allar dýrategundir og -flokka**

| Auðkennisnúmer | Aukefni | Dýrategund eða -flokkur |
|---|---|---|
| **Bragðefni og lystaukandi efni** | | |
| **Náttúruleg efni — grasafræðilega skilgreind** | | |
| | *Citrus sinensis* (L.) Osbeck = *Citrus sinensis* (L.) Pers. = *Citrus aurantium* L. var. dulcis: Þrepaeimuð appelsínuolía CAS 8028-48-6 FEMA 2822, **önnur en** eftirfarandi form ([1]):<br>— einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 10,5%, d-límóneninnihaldi sem nemur 89-96% í rokgjarna þættinum og perillaldehýðinnihaldi sem nemur < 0,3% í rokgjarna þættinum [2b143-f],<br>— einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 20,9%, d-límóneninnihaldi sem nemur 79-89% í rokgjarna þættinum og perillaldehýðinnihaldi sem nemur < 0,6% í rokgjarna þættinum [2b143-f-i],<br>— einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 18%, d-límóneninnihaldi sem nemur 85-95% í rokgjarna þættinum og engu perillaldehýði í rokgjarna þættinum [2b143-f-ii]. | Allar tegundir |
| | *Echinacea angustifolia* DC.: Roðasólhattartinktúra | Allar tegundir |
| | *Hypericum perforatum* L.: Jóhannesarjurtartinktúra CoE-nr. 234 | Allar tegundir |
| | *Linum usitatissimum* L.: Hörfrætinktúra CoE-nr. 263 | Allar tegundir |
| | *Thymus mastichina* L.: Spánarblóðbergsolía CAS-nr. 8016-33-9, EINECS-nr. 284-294-8 | Allar tegundir |

2. HLUTI

**Fóðuraukefni sem skal taka af markaði að því er varðar tilteknar dýrategundir og -flokka**

| Auðkennisnúmer | Aukefni | Dýrategund eða -flokkur |
|---|---|---|
| **Rotvarnarefni** | | |
| E 270 | Mjólkursýra | Jórturdýr með óvirka vömb |

([1]) Þrjú form af þrepaeimaðri appelsínuolíu [2b143-f, 2b143-f-i og 2b143-f-ii] hafa verið leyfð með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1421 frá 22. ágúst 2022 um leyfi fyrir pressaðri appelsínuilmkjarnaolíu, eimaðri appelsínuilmkjarnaolíu og þrepaeimuðum appelsínuolíum úr *Citrus sinensis* (L.) Osbeck sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 218. 23.8.2022, bls. 27, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1421/oj).

| | | |
|---|---|---|
| E 295 | Ammóníumformat | Varphænur, gyltur, jórturdýr til mjólkurframleiðslu, gæludýr og dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis |
| E 327 | Kalsíumlaktat | Jórturdýr með óvirka vömb |
| **Litgjafar, að meðtöldum litarefnum** | | |
| **Aðrir litgjafar** | | |
| E 127 | Erýtrósín<br>[virkur hópur 2 a (i)] | Skrautfiskar og skriðdýr |
| **Bragðefni og lystaukandi efni** | | |
| **Náttúruleg efni — grasafræðilega skilgreind** | | |
| | *Anethum graveolens* L.: Dillilmkjarnaolía, CAS-nr. 8006-755, FEMA-nr. 2383, CoE-nr. 42, EINECS-nr. 289-790-8 | Allar dýrategundir að undanskildum hundum og köttum |
| | *Angelica sinensis* (Oliv.) Diels: Kínahvannartinktúra | Allar dýrategundir að undanskildum hestum, hundum og köttum |
| | *Boswellia serrata* Roxb. ex Colebr.: Reykelsiskjarni | Allar dýrategundir að undanskildum hestum og hundum |
| | *Citrus aurantiifolia* (Christm.) Swingle: Eimuð súraldinilmkjarnaolía | Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar |
| | *Citrus aurantium* L.: Ilmkjarnaolía úr beiskjuappelsínutré,<br>CAS-nr. 8014- 17-3, EINECS-nr. 283-881-6, FEMA-nr. 2855, CoE-nr. 136 | Allar dýrategundir, að undanskildum eldiskjúklingum, varphænum, eldiskalkúnum, eldissvínum, spenagrísum, mjólkandi gyltum, kálfum, mjólkurkúm, eldisnautgripum, sauðfé/geitum, hestum, kanínum, laxfiskum, hundum, köttum og skrautfiskum |
| | *Citrus x aurantium* L.: Beiskjuappelsínukjarni | Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar |
| | *Citrus limon* (L.) Osbeck: Pressuð sítrónuilmkjarnaolía | Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar |

| | | |
|---|---|---|
| | *Citrus limon* (L.) Osbeck: Leif sem verður til við eimingu pressaðrar sítrónuolíu | Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar |
| | *Citrus reticulata* Blanco.: Pressuð mandarínuilmkjarnaolía | Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar |
| | *Citrus sinensis* (L.) Osbeck = *Citrus sinensis* (L.) Pers. = *Citrus aurantium* L. var. dulcis: Eimuð appelsínuilmkjarnaolía | Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar |
| | *Citrus sinensis* (L.) Osbeck = *Citrus sinensis* (L.) Pers. = *Citrus aurantium* L. var. dulcis: Pressuð appelsínuilmkjarnaolía | Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar |
| | *Citrus sinensis* (L.) Osbeck = *Citrus sinensis* (L.) Pers. = *Citrus aurantium* L. var. dulcis: Þrepaeimuð appelsínuolía, CAS-nr. 8028-48-6, FEMA-nr. 2822, í eftirfarandi formum sem hafa verið leyfð fyrir tilteknar dýrategundir (2):<br>— einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 10,5%, d-límóneninnihaldi sem nemur 89-96% í rokgjarna þættinum og perillaldehýðinnihaldi sem nemur < 0,3% í rokgjarna þættinum,<br>— einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 20,9%, d-límóneninnihaldi sem nemur 79-89% í rokgjarna þættinum og perillaldehýðinnihaldi sem nemur < 0,6% í rokgjarna þættinum,<br>— einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 18%, d-límóneninnihaldi sem nemur 85-95% í rokgjarna þættinum og engu perillaldehýði í rokgjarna þættinum. | — Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar<br>— Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar<br>— Hestar, kanínur, hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar |
| | *Curcuma longa* L.: Túrmeriktinktúra | Allar dýrategundir að undanskildum hestum og hundum |
| | *Eleutherococcus senticosus* (Rupr. et Maxim.) Maxim.: Síberíuginsengrótartinktúra | Allar dýrategundir að undanskildum hestum, hundum og köttum |
| | *Ferula assa-foetida* L.: Púkataðsolía CAS-nr. 9000-04-8, FEMA-nr. 2108, CoE-nr. 196 | Allar dýrategundir að undanskildum hundum og köttum |

(2) Þrjú form af þrepaeimaðri appelsínuolíu [2b143-f, 2b143-f-i og 2b143-f-ii] hafa verið leyfð með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1421.

| | | |
|---|---|---|
| | *Litsea cubeba* (Lour.) Pers.: Ilmkjarnaolía úr *Litsea cubeba*, CAS-nr. 68855- 99-2, EINECS-nr. 290-018-7, FEMA-nr. 3846, CoE-nr. 491 | Allar dýrategundir, að undanskildum eldiskjúklingum, varphænum, eldiskalkúnum, eldissvínum, spenagrísum, mjólkandi gyltum, kálfum, mjólkurkúm, eldisnautgripum, sauðfé/geitum, hestum, kanínum, laxfiskum, hundum, köttum og skrautfiskum |
| | *Panax ginseng* C. A. Mey.: Ginsengtinktúra, CoE-nr. 318 | Allar dýrategundir að undanskildum hestum, hundum og köttum |
| | *Piper nigrum* L.: Kjarni úr svartpipar í yfirmarksástandi | Allar dýrategundir að undanskildum hundum og köttum |
| | *Schisandra chinensis* (Turcz.) Baill: Tinktúra úr *Schisandra chinensis* | Allar dýrategundir að undanskildum hestum, hundum, köttum, alifuglum og veiðifuglum |
| | *Zingiber officinale* Roscoe: Engiferóleóresín CoE-nr. 489 | Allar dýrategundir, að undanskildum eldiskjúklingum, varphænum, eldiskalkúnum, spenagrísum, eldissvínum, gyltum, mjólkurkúm, eldiskálfum (staðgöngumjólk), eldisnautgripum, sauðfé og geitum, hestum, kanínum, fiskum og gæludýrum |
| | *Zingiber officinale* Roscoe: Engifertinktúra | Allar dýrategundir að undanskildum hestum og hundum |
| **Náttúruleg efni og samsvarandi tilbúin efni** | | |
| | CAS-nr. 106-24-1/geraníól/Flavis-nr. 02.012 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 104-54-1/sinnamýlalkóhól/Flavis-nr. 02.017 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 4602-84-0/3,7,11-trímetýldódeka-2,6,10-tríen-1-ól/ Flavis-nr. 02.029 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 122-974/3-fenýlprópan-1-ól/Flavis-nr. 02.031 | Sjávardýr: |

| | | |
|---|---|---|
| | CAS-nr. 106-25-2/(Z)-neról/Flavis-nr. 02.058 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 5392-40-5/sítral/Flavis-nr. 05.020 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 93-53-8/2-fenýlprópanal/Flavis-nr. 05.038 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 103-95-7/3-(p-kúmenýl)-2-metýlprópíónaldehýð/ Flavis-nr. 05.045 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 101-39-3/α-metýlsinnamaldehýð/Flavis-nr. 05.050 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 104-53-0/3-fenýlprópanal/Flavis-nr. 05.080 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 621-82-9/sinnamínsýra/Flavis-nr. 08.022 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 105-87-3/geranýlasetat/Flavis-nr. 09.011 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 103-54-8/sinnamýlasetat/Flavis-nr. 09.018 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 106-29-6/geranýlbútýrat/Flavis-nr. 09.048 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 103-61-7/sinnamýlbútýrat/Flavis-nr. 09.053 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 105-86-2/geranýlformat/Flavis-nr. 09.076 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 105-90-8/geranýlprópíónat/Flavis-nr. 09.128 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 105-91-9/nerýlprópíónat/Flavis-nr. 09.169 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 2142-94-1/nerýlformat/Flavis-nr. 09.212 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 141-12-8/nerýlasetat/Flavis-nr. 09.213 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 2345-24-6/nerýlísóbútýrat/Flavis-nr. 09.424 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 103-58-2/3-fenýlprópýlísóbútýrat/Flavis-nr. 09.428 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 2345-26-8/geranýlísóbútýrat/Flavis-nr. 09.431 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 140-27-2/sinnamýlísóvalerat/Flavis-nr. 09.459 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 103-59-3/sinnamýlísóbútýrat/Flavis-nr. 09.470 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 1191-16-9/prenýlasetat/Flavis-nr. 09.692 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 103-36-6/etýlsinnamat/Flavis-nr. 09.730 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 103-26-4/metýlsinnamat/Flavis-nr. 09.740 | Sjávardýr: |
| | CAS-nr. 7779-65-9/ísópentýlsinnamat/Flavis-nr. 09.742 | Sjávardýr: |
| | **Gerviefni** | |
| E 954(iii) | Natríumsakkarín | Spenagrísir |